

MHL103

Nærsamfélagið: Vefsíðugerð

NÁMSÁÆTLUN
VOR 2012

Ari Halldórsson, Hafdís Ólafsdóttir, Ingibjörg Friðriksdóttir

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur að gera einfaldar vefsíður og byggja efni þeirra á greiningu á sínu nánasta umhverfi. Gerð eru þrjú megin verkefni en auk þess er tekið próf þar sem fyrst og fremst reynir á tæknilega þekkingu. Einstökum verkefnum er skilað skv. tímaáætlun sem birt er á vefsíðu áfangans og gefið fyrir þau jafnóðum.

Áfangamarkmið

Nemandi:

- kunni að skipuleggja einfaldar vefsíður m.t.t. efnisinnihalds, notagildis, einfaldleika í notkun og útliti
- geti sett upp vef uppbygðan af boxum og stjórnað af ytri stílsniðssíðu
- skilji og geti notað HTML og CSS kóða
- kunni að vinna og vista ljósmyndir fyrir vef
- geti stjórnað útliti á texta með CSS og sett hann fram á læsilegan hátt
- kunni að hlaða upp vefsetri á vefþjón
- kunni að afla upplýsinga um nærsamfélagið
- þrói hæfileika sína til skapandi og gagnrýnnar hugsunar
- geti sett fram niðurstöður sínar á einfaldan og skýran hátt
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda
- þekki til höfundaréttarlaga og siðfræði netsins

Námsmat

Verkefni 1 Uppbygging: Vefur með tveimur dálkum .	30%
Verkefni 2 Heimasíða: Um mig, áhugamál, sjónlistarverkefni (formfræði, litafræði og teikningar), video og fl.	30%
Verkefni 3 Ég og vinir mínir	20%
Próf í Dreamweaver	10%
Ástundun / virkni	10%
Samtals	100%

Fjarvistir

Nemandi ber að mæta stundvíslega í kennslustund. Komi nemandi 10 mínútum of seint fær hann „F“. Fari óheimilar fjarvistir* yfir 15% telst nemandi fallinn í áfanganum en fari heildarfjarvistir yfir 20% af hvaða ástæðu sem er (þar með töldum veikindum) telst nemandi jafnframt fallinn.